AÐGERÐAÁÆTLUN KVENNAHREYFINGARINNAR
KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022

Aðgerðaáætlun Kvennahreyfingarinnar er ekki tæmandi listi yfir allt sem þarf að gera í Reykjavík. Hún er fyrst og fremst aðgerðaáætlun gegn ofbeldis- og nauðgunarmenningu sem þarf að uppræta í borginni líkt og annars staðar. Aðgerðaáætlunin endurspeglar hvernig hreyfingin hyggst takast á við öll viðfangsefni borgarstjórnar með kynjagleraugum og rýna í ólíkar þarfir allra kynja og jaðarsettra hópa. Kvennahreyfingin mun nálgast öll umræðuefni kosningabaráttunnar út frá femínísku sjónarhorni. Í borgarstjórn mun hún standa fyrir umbótum og breytingum í þágu raunverulegs jafnréttis í Reykjavík og gegn ákvörðunum sem kunna að koma illa við konur og/eða jaðarsetta hópa. Öll úrræði og aðgerðir sem gripið verður til í borginni skulu endurspegja fjölbreyttan hóp íbúa hennar. Tungumálakunnátta, fötlun, kyn eða kynvitund á aldrei að hindra eða hafa áhrif á aðgengi fólks að því sem borgin hefur upp á að bjóða. Öryggi okkar allra byggist á því að mannréttindi allra borgarbúa séu tryggð og virt.

Öruggur vinnustaður

Kvennahreyfingin mun innleiða aðgerðaáætlun gegn áreitni og ofbeldi innan allra starfsstöðva borgarinnar. Áætlunin mun ekki bara snúast um viðbrögð við ofbeldi/áreitni, heldur hvernig hægt sé að fyrirbyggja slíkt. Til þess þarf að uppræta kynjaða menningu. Á kjörtímabilinu viljum við að allt starfsfólk borgarinnar fái fræðslu um kynjaða vinnustaðamenningu, hætturnar sem hún skapar og hvernig hægt er að tryggja öruggt umhverfi fyrir fólk af öllum kynjum. Gripið verður til allra nauðsynlegra aðgerða til að tryggja öryggi fólks sem tilheyrir jaðarsettum hópum, s.s. vegna fötlunar, aldurs, uppruna eða kynvitundar.

Örugg borg

Reykjavíkurborg skal standa fyrir árvekniátaki meðal almennings um ofbeldis- og nauðgunarmenningu og allar birtingarmyndir hennar í samstarfi við grasrótarsamtök, fyrirtæki og stofnanir. Skipulagðar verði auglýsinga- og vitundarherferðir sem verða í gangi með reglulegu millibili allt kjörtímabilið og beinast að ólíkum hópum eða ólíkum kimum ofbeldismenningarinnar.

Örugg heimili

Reykjavíkurborg haldi áfram að styrkja og efla samstarfsverkefni lögreglu og félagsþjónustu, Saman gegn ofbeldi, til að uppræta heimilisofbeldi. Borgin tryggi húsnæðisúrræði og framfærslu fyrir konur sem flýja ofbeldi, þrátt fyrir að skilnaður sé ekki genginn í gegn. Sérstaklega þarf að huga að konum sem tilheyra jaðarsettum hópum sem oft eru útsettari fyrir ofbeldi og hafa færri úrræði en aðrar konur. Einstaklingsmiðuð aðstoð verði tryggð fyrir börn af ofbeldisheimilum, s.s. listmeðferð, hópastarf, heimanámsaðstoð og sálfræðiþjónusta.

Örugg börn

Nauðsynlegt er að stórefla barnavernd. Í ljósi þess að starfsfólk þar vinnur undir óeðlilegu álagi er mikilvægt að stytta fulla vinnuviku enn frekar og fjölga starfsfólki til að gefa hverju máli það rými sem þarf. Þegar verði hafin vinna við úttekt á þeim úrræðum sem barnavernd hefur til að aðstoða börn og fjölskyldur og í framhaldinu gripið til aðgerða til að bæta við úrræðum, lagfæra eða breyta þeim sem þegar eru til staðar. Koma þarf strax á fót öruggu búsetuúrræði fyrir fylgdarlaus börn á flótta sem ekki eiga þess kost að dvelja hjá fósturfjölskyldu.

Öruggir þolendur

Hlúa þarf vel að Bjarkarhlíð sem er mikilvægt tilraunaverkefni um samhæfða þjónustu fyrir þolendur ofbeldis. Bjarkarhlíð þarf pólítískan stuðning, mannafla og fjármagn til að geta þróast í þær áttir sem þolendur og sérfræðingar telja vænlegastar. Efla þarf samstarf við grasrótarsamtök, lögreglu og aðra viðbragðsaðila og tryggja að þolendur fái þjónustu við hæfi hverju sinni.

Stórefling jafnréttisskólans

Ráðnir verða 10-15 sérfræðingar til að tryggja innleiðingu jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum. Allt starfsfólk skóla fær grunnfræðslu um kynjafræði, staðalmyndir og áhrif þeirra og hvernig hægt sé að nýta þekkinguna á ólíkum sérsviðum, allt frá vali í leikskóla yfir í stærðfræðikennslu í grunnskóla. Jafnframt verði hönnuð sérstök kynjafræðinámskeið sem öll börn fara í gegnum með reglulegu millibili í samræmi við aldur þeirra og þroska. Frístundastarfsfólk fái ennfremur fræðslu um skaðleg áhrif staðalmynda og ofbeldismenningar og hvernig hægt er að stuðla að gagnrýnni og skapandi hugsun barna og unglinga í félagsmiðstöðvum og frístundaheimilum.

Menntun og þjónusta fyrir öll börn

Það er nauðsynlegt að börn geti farið beint inn á leikskóla að fæðingarorlofi loknu. Núverandi bil hefur ekki bara neikvæð áhrif á lífsskilyrði fjölskyldna sem standa í stöðugum reddingum og stressi, heldur einnig á starfsferil og fjárhag kvenna sem oftar en ekki bera hitann og þungann af reddingunum.

Boðið verði upp á barnagæsluúrræði utan hefðbundins leikskólatíma fyrir börn foreldra með óreglulegan vinnutíma og í vaktavinnu, sérstaklega með þarfir fjölskyldna einstæðra foreldra í huga. Úrræðið er að norrænni fyrirmynd og skal rekið af borginni undir stjórn fagfólks.

Gjaldheimta fyrir leik- og grunnskóla, fæði og tómstundir þarf að taka mið af ólíkum efnahag heimilanna. Í dag er aðeins hluti þjónustunnar greiddur úr sameiginlegum sjóðum, en rest er greidd tiltölulega jafnt af há- og láglaunafólki. Þetta þarf að taka til gagngerrar endurskoðunar.

Salerni endurspegli fjölbreytileika mannlífsins

Dömubindi og túrtappar eiga að vera sjálfsögð hreinlætisvara í öllum stofnunum borgarinnar, líka fyrir börn og unglinga í skólakerfinu. Við hönnun nýrra bygginga verði gert ráð fyrir kynlausum salernum og búningsklefum og eldri byggingum breytt þar sem hægt er til að mæta þörfum fólks af öllum kynjum.

Kynjuð starfs- og fjárhagáætlunargerð

Til viðbótar við þá vinnu sem þegar er í gangi við kynjaða fjárhagsáætlun verða allir samningar og skilmálar borgarinnar við þriðja aðila rýndir með tilliti til jafnréttissjónarmiða. Þetta á jafnt við um verktaka, íþróttafélög og grasrótarsamtök, þar sem tryggð verða ákvæði um uppsögn eða niðurfellingu greiðslna, verði aðilar uppvísir að mismunun.